

Fundargerð.

Fundur hafnarnefndar Þórshafnarhrepps 29. júlí 2002 í fundarsal hreppsins.

Mættir: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Friðrik Jónsson og Björn Ingimarsson.

Fundur hófst kl. 12:00. Hafnarstjóri bauð fundarmenn velkomna til þessa fyrsta fundar nýkjörinnar hafnarnefndar. Gengið var til dagskrár:

1. Dýpkunarframkvæmdir.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og lagðar voru fram fundargerðir fyrsta og annars verkfundar.

2. Hafskipabryggja - þekja og lagnir.

Hafnarstjóri gerði grein fyrir útboði á þekju og lögnum við hafskipabryggju. Skilafrestur tilboða er til fimmtudags 8. ágúst 2002.

3. Endurskoðun hafnaráætlunar '03 - '06

Rætt um nauðsyn þess að flýta framkvæmdum við loðnukant , trébryggju og smábátahöfn um ca 1 ár. Ákveðið að hittast aftur að viku liðinni og forma þá erindi til Siglingastofnunar varðandi málið.

Fleira ekki á dagskrá, fundi slitið kl. 12:40

Björn Ingimarsson, ritari.